

MINNISBLAÐ TIL FJÖLSKYLDURÁÐS

Efni: Fjárhagsupplýsingar um skammtímadvölin í Hnotubergi.

Óskað hefur verið eftir upplýsingum um kostnað bæjarins vegna skammtímadvalarinnar í Hnotubergi og hver áhrif yrðu af þátttöku notenda í fæðiskostnaði.

Í því sambandi skal vísað til reglugerðar nr. 1037/2018 um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum. Þar segir m.a. í 7. gr.:

Notendur eldri en 18 ára skulu [undirstrikun hér] standa straum af kostnaði vegna fæðis meðan á dvöl stendur.

Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu utan Hafnarfjarðar sem starfrækir skammtímadvalir fyrir fatlað fólk sem orðið er 18 ára. Samkvæmt upplýsingum þaðan er gjald hvers notanda fyrir fæði kr. 1.015 á sólarhring.

Eins og fram kemur í töflunni hér að neðan má áætla að tekjur af sölu fæðis í Hnotubergi verði kr. 2.130 þús. á árinu 2021 miðað við ofangreint gjald. Forsendur þeirrar áætlunar eru að notendur verði 27 á árinu og að meðaldvalartími hvers þeirra verði 6.2 sólarhringar á hverjum fjórum vikum. Þær upplýsingar eru frá forstöðuproskaþjálfra Hnotubergs. Taflan skýrir sig a.ö.l. sjálf.

Skammtímadvölin í Hnotubergi - fjárhagsupplýsingar			
þús.kr.			
Fjárhagsáætlun 2021			
Laun og launatengd gjöld	127.507	8.8 stöðugildi	
Vörukaup	5.899	Matvæli (2.670), rafmagn (1.800) o.fl.	
Þjónustukaup	6.073	Innri húsaleiga (4.421) o.fl.	
Skattar og opinber gjöld	30	Heilbrigðiseftirlitsgjald	
Samtals	139.509		
Tekjur frá öðrum sveitarfélögum	-75.000	Seld þjónusta, 55% af heildarkostnaði	
Tekjur af máltíðum notenda	-2.130	Áætlað m.v. kr. 1.015 pr. sólarhr.	
Gjöld - tekjur	62.379		

Ásgeir Sigurgestsson
deildarstjóri þjónustu við fatlað fólk
fjölskyldu- og barnamálasviði